

Starfsreglur skólaráðs Árskóla

Í samræmi við Reglugerð um skólaráð við grunnskóla nr. 1157/2008

1. Fundir skólaráðs skulu haldnir að jafnaði einu sinni í mánuði á starfstíma skóla að ágúst og janúar undanskildum. Skólastjóri getur þó ákveðið að boða einstaka fulltrúa ráðsins á fundi þar sem sérstaklega á að ræða sérstök verkefni þeirra aðila.
2. Fyrsti fundur hvers skólaárs skal haldinn í byrjun september og síðasti fundur um miðjan maí.
3. Starfsáætlun næsta skólaárs skal staðfest af ráðinu á síðasta fundi hvers skólaárs.
4. Skólastjóri boðar fundi rafrænt með minnst 3 daga fyrirvara og dagskrá og fylgigögn (vísun í fylgigögn) skulu fylgja fundarboði.
5. Þeim þáttum sem skólaráði er ætlað að sinna og taldir eru upp í *Reglugerð um skólaráð við grunnskóla (2. gr.)* skal raðað niður á fundi vetrarins til umræðu. Sú staða getur komið upp að færa þurfi umræðu um ákveðin mál og skólastjóri skal þá tilkynna það eins fljótt og aðstæður leyfa.
6. Einn fundur á ári skal sérstaklega helgaður umræðum um þróunarmál í skólastarfi.
7. Skólaráð getur falið foreldrafulltrúum og grenndarfulltrúa að leita eftir samstarfi og stuðningi utanaðkomandi aðila til styrktar skólastarfinu.
8. Skólaráð starfar í samvinnu við foreldrafélag skólans og leitast við að tryggja gagnkvæma miðlun upplýsinga. Fundargerðir hvors aðila skulu vera aðgengilegar á vefsíðu skólans.